

Sp. 70. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]
um innflutning bifreiðavarahluta.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að innflutningur á varahlutum til bifreiða verði frjáls frá næstu áramótum að telja.

Greinargerð.

Eins og nú er háttáð eru bifreiðavarahlutir meðal þeirra vara, sem fluttar eru til landsins fyrir bátagjaldeyri. Hefur það í för með sér geysilega verðhækkun, sem bifreiðaeigendur geta ekki risið undir. Nánar í framsögu.